



Vörustýring SaaS lausna

Lausn fundin ✓

Lausn keypt ✓

Lausn innleidd ✓

Hvað svo?





Vörustjóri stafrænna lausna hjá Reykjavíkurborg

Tryggir framþróun.

Eftirfylgni samninga innanhúss og utan.

Forgangsraðar virkni og innleiðingu eftir kúnstarinnar reglum.






Saga101

- Tæp þriju ár síðan að vörustýring var innleidd hjá Reykjavíkurborg.
- Erum nú með
 - ✓ Vörustjóri SaaS
 - ✓ Vörustjóri í þróun
 - ✓ Vörustjóri vefmála
 - ✓ Vörustjóri...
- Hálf t ár síðan SaaS vöruteymi var stofnað.
- Hvað eru SaaS vörur?






SaaS





Hvernig hugsum við um SaaS innan borgarinnar?

Hugbúnaður sem er **þjónusta**, oft við starfsfólk borgarinnar, sem nýtir þessa **þjónustu** til að besta **þjónustu** við íbúa.





Saga102

- Við erum stödd á lokaskrefum innleiðingar M365.
- Í innleiðingu M365 áttuðum við okkur á því að þótt innleiðingu myndi ljúka myndi þörf á þjónustu, frampróun og umsjón á vörunni aldrei ljúka.
- Það sama átti við um allar þær hilluvörur sem að við vorum að bjóða upp á eða með í innleiðingu.
- Ennfremur...





Áttuðum okkur á að við verðum



- Að taka ábyrgð á þeim vörum sem við eigum.
- Vera framsýn og virk í að stuðla að notkun til að hámarka gildi leyfanna.
- Hafa yfirsýn varðandi allan kostnað.
- Setja þessa ábyrgð á herðar þess sem hefur tíma, þekkingu (eða vilja til að læra), umboð og **áhuga** á því að axla hana!





og hvað





Teymi myndað

- SaaS teymi myndað til að samræma rekstrarmódel og ferla.
- Samræma þjónustupplifun.
- Samvinnuvettvangur.





SaaS teymi hjá Stafrænni Reykjavík







Að fá vöru til okkar

- Vörustýring er að verða normið.
- Mikil eftirspurn eftir þjónustu vörustjóra.
- Hvernig flæða vörur og verkefni til okkar?
- Stafrænir leiðtogar eru lykil leikmenn.
- Áskorunarrammi eða vörurammi.
- Greinum ábata.





Áskorunarstrigi til vörustjóra

Heiti	Dagsetning	Svið/skrifstofa	Vörustjóri
Hver er áskorunin?			Stafrænn leiðtogi
Hver er staðan í dag			Notendur
Ábati	Ariðandi		Stærð / Umfang
			
Draumastaða	Fjármagn til staðar?		



og hver á að
borga





Rekstrarmódelið og sjálfbærni

Við **verðum** að vera sjálfbær.

Allar vöru sem koma í rekstur til upplýsingatæknisviðs þurfa að vera með a.m.k. 10% þjónustustig vörustjóra

Sviðin greiða fyrir pakka sem inniheldur leyfi og þjónustu á miðlægar vörur s.s. M365 og Hlöðuna.


Eigandi vöru tekur ákvörðun um þjónustustig vörustjóra.





Þjónustuframboð vörustjóra

1	2	3	4	Verksvið
X	X	X	X	Umsjón með kostnaði vegna reksturs og þróunar, þ.m.t. yfirferð á reikningum, gerð grófra kostnaðaráætlana og eftirfylgni með áföllnum kostnaði
X	X	X	X	Tengiliður eiganda og annarra hagsmunaaðila við birgja og innri tæknilegan rekstur svo sem samþættingar, þróun á bakenda og framenda ef við á
X	X	X	X	Ítrun og aðlögun á ferli vörustýringar fyrir viðkomandi lausn
	X	X	X	Leitast við að tryggja hagkvæmni lausnar í rekstri
	X	X	X	Eftirfylgni samninga, innkaupa og aðkomu sérfræðinga þegar á þarf að halda
	X	X	X	Virk upplýsingagjöf til hagsmunaaðila
	X	X	X	Þátttaka í samráðshópum og teymisstarfi
	X	X	X	Auðveldun vinnustofa þar sem við á
		X	X	Leitast við að auka umsvif notkunar
		X	X	Tryggir að notendaprófanir séu framkvæmdar og ítrar lausn í samræmi við það
		X	X	Kynningar og framsetning efnis og gagna, þ.m.t. fræðsluefni
			X	Tekur eignarhald á skýrri framtíðarsýn fyrir ákveðna vörur og miðlun sýnarinnar
			X	Skilgreining, innleiðing og framþróun ákveðinnar vöru
			X	Uppsetning verkefnalista og eftirfylgni í framþróun
			X	Skilgreining og eftirfylgni árangursmarkmiða vörunnar
			X	Skilgreining og ítrun á virknilysingum hvers konar





Raundæmi - Tunnutalning sorphirðu

Áskorun:


Telja þurfti allar sorptunnur í
Reykjavík





Tillaga að lausn:

Í M365 var hægt að smíða lausn með tiltölulega litlum tilkostnaði






Lausn:

Verkefnið var metið innan þjónustu.


Lausnin var smíðuð og afhent.

Ferlið tók u.þ.b. einn og hálfan mánuð.





Vörustýring SaaS lausna



- Tveir vegvísar í spilu sem við þurfum að horfa til.
- Vörustjóra-knippi.
- Kostnaður.
- Mæla, mæla, mæla.
- Hvað græðum við á þessu?



Ábati

- Við höfum yfirsýn yfir hvað við eigum og við notum það sem við eigum!
- Við komum í veg fyrir kostnað með því að koma í veg fyrir að mörg kerfi séu í notkun sem gera það sama.
- Við höfum yfirsýn yfir kostnað og erum virk í viðbragði.
- Við stuðlum að aukinni notkun varanna okkar og háþörmum virði leyfanna okkar.





Takk fyrir



